

24. gr.

173

Skipskráningarstjórar eru skyldir til að hafa jafnan nægilegan forða hjá sjer og umboðsmönnum sínum af viðskiptabókum þeim og skipshafnarskrám, sem gefnar verða út að tilhlutun landshöfðingja. Bækur þessar og skrár verða sendar þeim, þegar þeir fara þess brjeflega á leit við landshöfðingja. Á borguninni fyrir viðskiptabækurnar og skipshafnarskrárnar, sem þeir eiga að láta úti: viðskiptabækurnar fyrir 15 auru og skipshafnarskrárnar fyrir 5 auru hverja, eiga þeir að standa skil á sama hátt og á öðrum aukatekjum, sem þeir innheimta, og ber þeim að láta fylgja aukatekjureikningnum skýrslu um, hve margar ónotaðar viðskiptabækur og skipshafnarskrár eru hjá þeim og umboðsmönnum þeirra í hver árslok.

Reykjavík, 15. nóvembermán. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein

174

8. nóv.

Brjef landshöfðingja til biskups, um galla á kjörskrár við prestkosningar. — Með því að jeg hef veitt því eptirtekt, að við hinar nýafstöðnu prestkosningar í Suðurdalapingum og Hvammsprestakalli, báðum í Dalaprófastsdæmi, hafa nokkrir lausamenn og vinnumenn verið teknir upp á kjörskrár, og sumir greitt atkvæði, þá vil jeg, jafnvel þótt það hafi ekki haft nein áhrif á úrslit kosninganna í þessum tilfellum, þjónustusamlega skora á yður að brýna fyrir hlutadeigandi prófasti, að slíkt sje með öllu ólöglegt, með því að einungis búsettir menn hafa kosningarrjett samkvæmt lögum 8. jan. 1886, 3. gr. sbr. landshbr. 24. jan. 1889, Stjtið. 1889, B. nr. 8, bls. 6.

175

10. nóv.

Brjef landshöfðingja til landfógetans, um útborgun á eptirlaunaviðbótum. — Til þess að eptirlit verði haft með því, að gætt sje þeirra fyrirmæla í 3. lið 8. greinar í tilsk. 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851 um eptirlaun, að eptirlaunviðbót ekkna skuli því að eins haldast, að kringumstæður þær, sem hún er byggð á, eigi sjer framvegis stað, skal jeg hjer með, eptir undirlagi ráðgjafans fyrir Ísland, þjónustusamlega skora á yður herra landfógeti, að heimta framvegis af hlutadeigandi ekkjum nægileg vottorð einu sinni á ári, þ. e. við síðustu útborgun eptirlaunaviðbótarinnar á almanaksári hverju, um það að kringumstæður þær, sem viðbótin er byggð á, eigi sjer enn stað, og komi slík vottorð ekki fram, verður að halda eptir viðbótinni þar til er skilríki koma.

Auglýsing

fyrir sjófarendur.

176

22. nóv.

Til leiðbeiningar fyrir sjófarendur verður frá 1. d. marzmánaður 1891 tendr- að ljósker á Skipaskaga á Akranesi, að tilhlutun hlutadeigandi hreppsnefndar. Ljóskerið stendur á Teigakotslóð, sem liggur á 64° 18' 45" norðl. br. og 34° 43' 30" lengdar vestur frá *Kaupmannahöfn*, 46 fet fyrir ofan sjáfarmál, og verður ljóskerið

176 20 fet frá grundvelli, sýnir hvítt ljós og lýsir í 3 áttir, norður, suður og vestur.
22. nóv. Á ljóskerinu á að loga með fullri birtu frá því 60 mínútum eptir sólarlag og þangað til 45 mínútum fyrir sólaruppkomu, fyrst um sinn frá 1. marz til 14. maí og frá 1. október til 31. desember ár hvert.

Þetta auglýsist hjer með almenningi.

Reykjavík 22. nóvbr. 1890.
Landshöfðinginn yfir Íslandi,
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum fyrir 1890—1891,
10. gr. C. 5. e.

Veittar allt að 500 kr. til aðalpóstleiða um Árnessýslu.

Veittar 29 kr. til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni meðfram Esjunni.

Veittar kr. 395,76 til endurbóta á aðalpóstleiðinni um Eyjafjarðarsýslu.

10. C. 5. e.

Fyrir vegarúðning frá Hrauni í Ólvusi upp á Lágaskarðsbrún voru veittar 20 kr.

13. gr. B V. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var veittur þessi styrkur fyrir 1890:

1.	Barnaskóla í Vestmannaeyjum	kr. 100.
2.	— - - - - Gaulverjabæ	— 80.
3.	Barnaskólum í Stokkseyrarhreppi: á Eyrarbakka og Stokkseyri	— 240.
4.	Barnaskólum í Útskálasókn: í Miðhúsum, Keflavík og Ráðagerði	— 400.
5.	Barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi	— 220.
6.	— - - - - Garðahreppi	— 285.
7.	— - - - - Bessastaðahreppi	— 190.
8.	— - - - - Seltjarnarneshreppi	— 315.
9.	— - - - - á Skipaskaga	— 130.
10.	— - - - - í Ólafsvík	— 175.
11.	— - - - - á Sandi í Neshrepp utan Ennis	— 145.
12.	— - - - - í Hnífsdal	— 80.
13.	— - - - - á Vopnafirði	— 80.

EMBÆTTASKIPUN O. FL.

4. nóvbr. skipaði biskup sjera Halldór Bjarnarson á Presthólum til að vera prófast í Norður-Þingeyjar prófastsdæmi.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Stafafell í Lóni í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi. Metið 1172 kr. 46 a. Auglýst 13. nóvember 1890.

LEIÐRJETTING.

Á bls. 8 í B-deild Stjórnartíð. 1890 hefur misprentazt styrkveiting til vegagjörðar á aðalpóstleiðinni um Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: 193 kr. 40 a. í staðinn fyrir 187 kr. 90 aur.